



Alþingi
Erindi nr. P 127/715
komudagur 18.2.2002

13. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 5. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 361. mál, fjárfesting í sparisjóðum.

Í 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eru settar takmarkanir á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Við setningu laganna var það mat löggjafans að sú fjárfestingarstefna sem þá var kveðið á um í lögnum væri eðlileg og nauðsynleg til þess að lífeyrissjóðir næðu sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættu væri dreift með eðlilegum hætti.

Með lögum 56/2000, um breytingu á lögum nr. 129/1997, voru fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða rýmkaðar verulega. Helstu breytingarnar voru eftirfarandi:

1. Heimild til fjárfestingar í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum var hækkuð úr 35% í 50%.
2. Heimilað var að auka áhættu í erlendum gjaldmiðlum úr 40% í 50% af hreinni eign lífeyrissjóða.
3. Heimild til fjárfestingar í óskráðum verðbréfum var látin ná jafnt til verðbréfa sem gefin eru út af innlendum og erlendum aðilum.

Í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 56/2000 var tekið fram að með þessum breytingum væri komið til móts við þau sjónarmið sem komið höfðu fram um að skynsamlegt væri að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestingar þar sem upphaflegar reglur væru til þess fallnar að draga úr möguleikum lífeyrissjóða á að nýta sér þá fjárfestingarkosti sem þeir teldu vænlegasta.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 129/1997 er lögð til enn frekari rýmkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Lagt er til að til viðbótar núverandi heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinum eignum sínum í óskráðum verðbréfum verði þeim heimilt að fjárfesta fyrir allt að 5% af hreinum eignum sínum í:

1. óskráðum stofnfjárbréfum sparisjóða,
2. óskráðum verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða og
3. óskráðum hlutabréfum fyrirtækja sem eru í a.m.k. 30% eigu ríkis eða sveitarfélaga.


Það er mat Seðlabanka Íslands að takmörkun áhættu í fjárfestingu lífeyrissjóða sé afar mikilvæg bæði með tilliti til þjóðhagslegra forsendna og til hagsmuna sjóðfélaga.

Þær heimildir sem upphaflega var kveðið á um í lögum nr. 129/1997 voru ákvarðaðar að teknu tilliti bæði til ávöxtunar og áhættu. Með lögum nr. 56/2000 voru fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða rýmkaðar með það að markmiði að auka ávöxtunarmöguleika þeirra. Fól sú breyting í sér verulega aukningu á mögulegri áhættu í fjárfestingum lífeyrissjóða. Að mati Seðlabanka Íslands er ekki rétt að ganga lengra í þessum efnum.

Seðlabanki Íslands telur að fjárfestingar í þeim tegundum verðbréfa sem tilgreindar eru í frumvarpinu geti falið í sér mikla áhættu og verulega aukið heildaráhættu í fjárfestingum einstakra lífeyrissjóða.

Með vísan til ofangreinds telur Seðlabanki Íslands ekki rétt að gera þá breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri